
Landssamtök íslenskra stúdenta

Ársskýrsla 2016- 2017



LANDSSAMTÖK
ÍSLENSKRA
STÚDENTA

Netfang: lis@haskolanemar.is

Heimasíða: <http://www.haskolanemar.is/>



EFNISYFIRLIT

1	ÁVARP FORMANNS	2
2	ALMENN STÖRF.....	3
2.1	Framkvæmdastjórn LÍS 2016-2017	3
2.1.1	Fulltrúar aðildarfélaga í framkvæmdastjórn LÍS 2016-2017	3
2.1.2	Stjórnarskipti.....	4
2.2	Nefndir	4
2.3	Almennt fundahald.....	5
3	FULLTRÚAR Á VEGUM LÍS	6
4	HÚSNÆÐISMÁL	7
4.1	Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða	7
5	VIÐBURÐIR LÍS	7
5.1	Viðburðarnefnd	7
6	FUNDIR OG MÁLÞING	8
6.1	Opinn fundur LÍS með Illuga Gunnarssyni um #LÍNfrumvarpið	8
6.2	Sameiginlegur fundur með aðildarfélögum um #LÍNfrumvarpið.....	8
6.3	Fundir fólksins: málþing stúdenta um #LÍNfrumvarp	9
7	VINNUPING	10
7.1	Sumarþing	10
7.2	Nýársþing	10
8	ALÞJÓÐAMÁL.....	11
8.1	Alþjóðanefnd 2016-2017.....	11
8.2	Nefndarmeðlimir:.....	11
8.3	Fundir og ráðstefnur 2016-2017.....	12
8.3.1	BM 70 Bergen Noregur, maí 2016	12

8.3.2	European Students' Convention 32 Bratislava Slóvakíu, september 2016.....	12
8.3.3	NOM 70 Helsinki Finnland, nóvember 2016	13
8.3.4	EQAF Ljublijana Slovenía, nóvember 2016	13
8.3.5	House Erasmus+, Malmö Svíþjóð, nóvember 2016	13
8.3.6	BM 71 "Gdansk" Pólland, desember 2016.....	14
	European Students' Convention 33 Galway Írlandi, mars 2017	14
8.3.7	NOM 71 Reykjavík Ísland, apríl 2017	15
9	GÆÐAMÁL	17
9.1	Gæðanefnd	17
9.2	Samstarf við Rannís	18
9.2.1	BORE II verkefnið.....	18
9.2.2	Gæðaráðstefnur	18
10	JAFNRÉTTISMÁL.....	19
10.1	Jafnréttisnefnd	19
10.2	Nefndarmeðlimir	19
10.3	Réttinda-Ronja.....	20
11	KYNNINGARMÁL	21
11.1	Almennt	21
11.2	Heimasíða	21
11.3	Twitter	22
11.4	Facebook.....	22
11.5	Fréttir og fréttabréf	23
11.6	Háskóladagurinn.....	23
11.7	Varningur.....	23
11.8	Skipurit	24
12	INNRA STARF	25
12.1	Lagabreytingar.....	25

12.2	Lagabreytingarnefnd 2016-2017	25
12.2.1	Nefndarmeðlimir.....	25
13	Samstarf	27
13.1	Samstarf við Mennta- og menningarmálaráuneytið	27
13.1.1	Samningaviðræður.....	27
13.1.2	EUROSTUDENT-könnun	27
13.1.3	Hæfnirammí í menntamálum.....	28
13.1.4	Verkefnastjórn um stofnun fagháskóla og samstarfsnefnd um fagháskóla	28
13.2	Samstarf við Bandalag háskólamanna.....	29
13.2.1	Samningaviðræður.....	29
13.2.2	Málþing: Lífið eftir háskólanám	29
13.2.3	Málþing: Lykill eða lás	30
13.2.4	Stefnumótunarþing BHM.....	31
13.3	Samstarf við Landssamband æskulýðsfélaga	32
13.3.1	Aðildarumsókn að LÆF.....	32
13.3.2	Málþing: Leiðtogaskólinn	32
13.3.3	Ég kys.....	32
13.3.4	Málþing: Embracing youth migration	32
14	Önnur verkefni	33
14.1	Stuðningur við aðildarfélög	33
14.2	Umsókn um styrk hjá Evrópu unga fólksins (EUF) vegna Landsþings 2017	33
14.3	Greinaskriftaáttak: #háskólaríhættu #FundOurFuture	33
14.4	Starfshópur vegna stefnumótunar landsþings 2016 Nýsköpun og rannsóknir	34
15	LOKAORÐ	35

1 ÁVARP FORMANNS



Ágæti lesandi,

Það hefur verið ánægjulegt að starfa með fjölbreyttum hópi stúdenta innan LÍS á þessu starfsári. LÍS hefur aldrei verið með jafn fjölmennan hóp innanborðs en á þessu ári eftir að auglýst var í nefndir samtakanna á meðal allra háskólanema. Skýrsla þessi er gerð til að gera grein fyrir starfi LÍS á starfsárinu 2016-2017.

Ánægjulegu og viðburðaríku ári er að ljúka sem þó hefur einkennst af mikilli ólgu í háskólasamfélaginu. Þessa ólgu mátti einna helst tengja við að í upphafi starfsárs lagði þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra fram umdeilt frumvarp um breytingar á lánasjóði íslenskra námsmanna. Um haustið fór í framhaldi fram mikil vitundarvakning um þá óásættanlegu undirfjármögnun sem háskólar landsins búa við. Þetta tvennt átti eftir að setja svip á árið en það er ljóst að við byggjum ekki sterkt þekkingarsamfélag sem stenst alþjóðlegan samanburð án öflugs menntakerfis. Sameinuð rödd stúdenta sem berst fyrir bættri fjármögnun kerfisins og auknum hag stúdenta er þar nauðsynlegur hlekkur.

Árið hjá LÍS hefur verið viðburðaríkt þar sem samtökin hafa vaxið í starfi með því að byggja ofan á starf fyrri ára með m.a. öflugu alþjóða-, gæða- og jafnréttisstarfi. Samtökin hafa skipað sér fastan sess í háskólasamfélaginu og þau eiga einungis eftir að blómstra meira. Ég vona að lestur á þessari skýrslu gefi góða mynd af starfsárinu sem er að ljúka.

Ég hlakka til að sjá samtökin vaxa áfram og dafna undir handleiðslu komandi framkvæmdastjórna.

Kveðja,

David Erik Mollberg, formaður LÍS.



2 ALMENN STÖRF

2.1 Framkvæmdastjórn LÍS 2016-2017

Embætti innan framkvæmdastjórnar voru eftirfarandi:

Formaður: David Erik Mollberg

Varaformaður: Aldís Mjöll Geirsdóttir

Ritari: Jóhann Már Berry

Fjármálastjóri: Kolbrún Þorfinnsdóttir

Alþjóðaforsæti: Þórður Jóhannesson

Gæðastjóri: Sunna Mjöll Sverrisdóttir

Jafnréttisfulltrúi: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Viðburðastýrur: María Araceli og Kristín Sólveig

Kormáksdóttir

Fjáröflunarstjóri: Andri Ingason

Markaðsstjóri: Hallur Guðmundsson

2.1.1 Fulltrúar aðildarféлага í framkvæmdastjórn LÍS 2016-2017

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri

(FSHA)

Fulltrúar

Anna Sif Guðmundsdóttir

Ketill Sigurður Jólsson

Varamenn

Hrafney Svava Þorsteinsdóttir

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands

(NFLBHÍ)

Fulltrúar

Jóhann Már Berry

Varamenn

Brynja Sigurðardóttir

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Fulltrúar

Andri Ingasson

Kristín Sólveig Kormáksdóttir

Varamenn

Elisabet Erlendsdóttir

Íris Björk Snorraddóttir

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ)

Fulltrúar

Aldís Mjöll Geirsdóttir

Sunna Mjöll Sverrisdóttir

Varamenn

Ragnar Auðun Árnason

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB)

Fulltrúar

Hallur Guðmundsson

Erna Hlín Einarisdóttir

Varamenn

Haraldur Línal

Nemendaráð Listaháskóla Íslands (NLHÍ)

Fulltrúar:

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Heiðís Hanna Sigurðardóttir

Varamenn

Rebekka Líf Albertsdóttir

Stúdentafélag Hólaskóla (SH)

Fulltrúar

Elise Englund Berge

Varamenn

María Gyða Pétursdóttir

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

Fulltrúar

Kolbrún Þorfinnsdóttir

Þórður Jóhannsson

Varamenn

Dagur Skírnir Óðinsson

Jóhann Gunnar Þórarinsson

2.1.2 Stjórnarskipti

- Elsa María Guðlaugs Drífudóttir tók við, sem fulltrúi NLHÍ í maí 2016, af Ionu Sjöfn Huntingdon Williams.
- Kristín Sólveig Kormáksdóttir tók við, sem fulltrúi SFHR þann 2. ágúst 2016, af Tinnu Dögg Guðlaugsdóttur sem sagði af sér þann 5. júlí 2016.
- Ása María H. Guðmundsdóttir sagði af sér sem varamaður NFHB í ágúst 2016.
- Íris Björk Snorradóttir tók við sem, varamaður SFHR þann 24. ágúst 2016, af Ernu Sigurðardóttur.
- Sunna Mjöll Sverrisdóttir tók við, sem fulltrúi SHÍ þann 17. október 2016, af Hákon Broder Lund eftir að honum hafði verið vikið úr framkvæmdarstjórn. Sunna var áður varamaður í framkvæmdarstjórn.
- Andri Ingason tók við, sem fulltrúi SFHR, af Írisi Gunnarsdóttur sem sagði af sér þann 17. október 2016.
- Heiðís Hanna Sigurðardóttir tók við, sem fulltrúi NLHÍ þann 7. nóvember, af Sólbjörtu Sigurðardóttur sem sagði af sér þann 23. ágúst 2016.

2.2 Nefndir

Lögbundnar nefndir LÍS eru sjö talsins en þær eru alþjóðanefnd, fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, lagabreytingarnefnd, markaðsnefnd og viðburðanefnd. Þá er LÍS einnig heimild samkvæmt lögum sínum að setja á fót aðrar nefndir.

Í september 2016 var auglýst eftir meðlimum í nefndir LÍS og voru undirtektirnar framar vonum. Þetta var frumraun á því fyrirkomulagi að auglýsa nefndarsetu LÍS fyrir utan framkvæmdastjórn. Miðað var við að taka inn 3-4 meðlimi í nefndirnar, fyrir utan framkvæmdastjórnarmeðlimi. Þetta fyrirkomulag gerði það að verkum að LÍS stækkaði en fleiri aðilar komu að starfi samtakanna í ár heldur en einungis framkvæmdastjórn.

Enginn sótti eftir setu í fjármálanefnd og markaðsnefnd og voru þessar nefndir því ekki starfræktar í ár.

Nefndarmeðlimir starfsársins 2016-2017 voru eftirtaldir aðilar:

Alþjóðanefnd

Þórður Jóhannsson, alþjóðaforseti (SÍNE)
Aldís Mjöll Geirsdóttir (SHÍ)
Elsa María Guðlaugs Drífudóttir (NLHÍ)
Bryndís Pálmarsdóttir (SHÍ)
Hrefna Ósk Mariúðóttir (SHÍ)

Gæðanefnd

Sunna Mjöll Sverrisdóttir, gæðastjóri (SHÍ)
Erna Sigurðardóttir (SFHR)
Svandís Sigurðardóttir (SHÍ)
Jóhann Már Berry (NLBHÍ)
Guðrún Baldvinsdóttir (SHÍ)

Viðburðanefnd

Kristín Sólveig Kormáksdóttir (SFHR))
Maria Araceli (SHÍ)
Erna Hlín (NFHB)

Jafnréttisnefnd

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir,
formaður (NLHÍ)
Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir (SHÍ)
Unnur Helgadóttir (SHÍ)
Sigríður Borghildur Jónsdóttir (SHÍ)
Sigvaldi Sigurðarson (SHÍ)

Lagabreytingarnefnd

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður (SHÍ)
Brynhildur Sörensen (SHÍ)
Unnur Helgadóttir (SHÍ)
Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir (SHÍ)

2.3 Almennt fundahald

Framkvæmdastjórn LÍS skal funda einu sinni í mánuði samkvæmt lögum samtakanna. Ákveðið var í upphafi starfsárs að fullnægjandi boðun á fundi teldist að svara google forms skráningarskjali sem sent var út fyrir hvern fund. Til þessa hafa formlegir fundir framkvæmdastjórnar verið 10. Fundargerðir þeirra eru að finna í viðhengi. Áætla má að einn til tveir fundir verði eftir landsþing ásamt skiptafundi. Allir fundirnir hafa farið fram í húsnaði BHM að utantöldum septemberfundi. Á þeim fundi var farið í kynnisferð til Myndlistardeildar LHÍ á Laugarnesvegi 91 og hann haldinn þar.

3 FULLTRÚAR Á VEGUM LÍS

LÍS sá um að skipa fulltrúa stúdenta í eftirfarandi stöður:

- Nýsköpunarsjóður námsmanna. Aðalfulltrúi: Yrsa Úlfarsdóttir. Varamaður: Einar Gunnarsson. Skipunartímabil: 2017-2020.
- Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla. Tveir aðalfulltrúar: David Erik Mollberg og Svandís Sigurðardóttir. Tveir varamenn: Guðrún Baldvinsdóttir og Sunna Mjöll Sverrisdóttir. Skipunartímabil: 2016 til 2020.
- Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Aðalfulltrúi: Daníel Isebarn Ágústsson. Varamaður: Hjördís Birna Hjartardóttir. Skipunartímabil: 2016 til 2018.
- Higher education reform. Tveir Bologna sérfræðingar: Erna Sigurðardóttir og Guðrún Baldvinsdóttir. Skipunartímabil: 2016 til 2018.
- Áheyrnarfulltrúi LÍS í Gæðaráði íslenskra háskóla: Erna Sigurðardóttir.
- Aðalfulltrúi og áheyrnarfulltrúi í Gæðaráð íslenskra háskóla.
- Verkefnahópur til að undirbúa fagháskólanám á Íslandi. Aðalfulltrúi: David Erik Mollberg. Varamaður: Sunna Mjöll Sverrisdóttir. Skipunartímabil: 05/2016 - 10/2016
- Samstarfsráð um fagháskólanám. Aðalfulltrúi: David Erik Mollberg. Varamaður: Sunna Mjöll Sverrisdóttir. Skipunartímabil: 2017 - 2021.

Samþykkt hefur verið að LÍS skipi einn fulltrúa og einn áheyrnarfulltrúa í Gæðaráð íslenskra háskóla. Framkvæmdastjórn LÍS hyggst skipa erlendan aðalfulltrúa úr röðum European students' union (ESU) sem hefur mikla þekkingu á gæðamálum í háskólum. Ástæðan fyrir því að framkvæmdastjórn vill skipa erlendan fulltrúa úr röðum ESU er sú að framkvæmdastjórn telur að erlendur aðili með mikla þekkingu á gæðamálum sé betur í stakk búinn til þess að sinna stöðu fulltrúa í Gæðaráði íslenskra háskóla. Sá aðili, sem verður tilnefndur af ESU heyrir undir framkvæmdastjórn LÍS og sækir umboð sitt til hennar. Framkvæmdastjórn skipar einnig áheyrnarfulltrúa í Gæðaráði íslenskra háskóla. Áheyrnarfulltrúi myndi fylgja aðalfulltrúa á fundi og afla sér þekkingar til að einn daginn gæti LÍS skipað stúdent á eigin vegum í Gæðaráð íslenskra háskóla.

Ert þú háskólanemi með áhuga á nýsköpun?

Landssamtök íslenskra stúdenta auglýsa eftir áhugasömum háskólanema til þess að sitja í stjórn Nýsköpunarsjóð námsmanna sem fulltrúi stúdenta.

Hægt er að sækja um með því að senda póst á lis@haskolanemar.is

Pósturinn skal innihalda helstu upplýsingar:

- Nafn
- Aldur
- Ferilskrá
- Stuttur texti um hvers vegna þú sækir um

Hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Umsækjandi verður að vera háskólanemi eða að ekki sé lengra en ár síðan viðkomandi var háskólanemi.
- Reynsla af störfum innan stúdentahreyfinga háskólanna er æskileg og sama gildir um reynslu af nýsköpun, sama hvort hún er á akademískum eða praktískum grunni.

Fulltrúinn kemur til með að taka sæti 7. janúar 2017. Þú verður úr hópi umsækjenda einnig valinn varafulltrúi. Um launaða stjórnasetu er að ræða.

Sækja verður um fyrir miðnætti 14.nóvember næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir David Erik Mollberg á lis@haskolanemar.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnármál og öllum umsóknum verður svarað.



4 HÚSNÆÐISMÁL

4.1 Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða

Í kjölfar samningsviðræðna við Bandalag Háskólamanna á starfsárinu 2015-2016 fengu samtökin afnot af skrifstofu í húsnæði BHM í Borgartúni 6 í mars 2016. Samningurinn sem gerður var við BHM gildir frá 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017, en í þessum skrifuðum orðum er unnið að endurskoðun og uppfærslu samnings fyrir næsta starfsár.

Ásamt afnotum af skrifstofu fengu samtökin aðgang að fundaraðstöðu og kaffistofu og eins afnot af annari tilfallandi þjónustu. Það var mikill munur fyrir samtökin að eignast eiginlegar höfuðstöðvar í fyrsta skipti, þar sem þau gátu komið sér fyrir og átt fastan fundar- og vinnustað. Það er gífurlegt framfaraskref fyrir samtökin að eiga höfuðstöðvar fyrir starfsemi sína þar sem það auðveldar þeim alla uppbyggingu og skipulag til muna og eins er þá til staðar staðsetning sem allir þeir sem erindi eiga við samtökin geta örugglega leitað til.

Á starfsárinu nýttu samtökin sér fundaraðstöðu BHM til fullnustu, en allir framkvæmdarstjórnarfundir voru haldnir þar, að einum undanskildum sem fór fram í húsnæði Listaháskóla Íslands. Eins nýttu nefndir samtakanna sér aðstöðuna að töluverðu leyti til fundarhalda en hartnær allir fundir nefnda átta sér einnig stað í Borgartúni. Fyrir utan skipulagða fundi hafa ákveðnir fulltrúar í framkvæmdastjórn nánast flutt lögheimili sitt á skrifstofuna þar sem þeir hafa eytt ófáum klukkutímum í rýminu við vinnslu hinna ýmsu verkefna sem starfsemi samtakanna felur í sér.

5 VIÐBURÐIR LÍS

5.1 Viðburðarnefnd

Á landsþingi LÍS 2016 var samþykkt að hafa starfandi viðburðarstjóra- og nefnd og var þetta því fyrsta starfsár nefndarinnar. Starfsárið hefur gengið virkilega vel hjá viðburðanefndinni en starfsemi hennar er að setja upp viðburði tengd LÍS og halda góðri heild innan samtakanna með því að halda viðburði sem snúa að samhringingi nefndaraðila. Nefndin hittist eftir þörfum til að funda og taka stöðuna eftir því sem við á. Fyrsti fundurinn var haldinn 27. nóvember 2016 og var þá ákveðin innri uppbygging komandi starfsárs innan LÍS sem og tekin var fyrir skipulagning fyrsta viðburðar sem var nýársþing LÍS 2017. Nefndin hittist síðan á tveggja vikna fresti eftir það til þess að skipuleggja þingið í þáula. Nýársþingið gekk vonum frammar en það var haldið helgina 21. - 22. janúar í Landbúnaðarháskóla Íslands, á Hvanneyri. Á þinginu var ákveðið að viðburðanefnd myndi útbúa viðburðardagatal 2017 til þess að nefndar meðlimir LÍS hefðu betri yfirsýn yfir viðburði ársins og almennri skipulagningu.

6 FUNDIR OG MÁLÞING

6.1 Opinn fundur LÍS með Illuga Gunnarssyni um #LÍNfrumvarpið

Nýtt frumvarp í lánasjóðsmálum kom út í maí 2016 og var Illugi Gunnarsson þá mennta- og menningarmálaráðherra. Það var mikil ólga í samfélaginu og þá sérstaklega í háskólasamfélaginu eftir útgáfu frumvarpsins. Framkvæmdastjórn LÍS ákvað því í kjölfar þess að efna til opins fundar með Illuga Gunnarssyni þar sem allir, stúdentar sem og aðrir, gátu mætt og spurt ráðherrann spjörunum úr í tengslum við frumvarpið. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Háskólans í Reykjavík þann 4. júní og var streymt í beinni útsendingu í gegnum netið, á vísir.is. Illugi var fyrst með kynningu á helstu efnisatriðum frumvarpsins en í framhaldi var opnað fyrir spurningar og þar sem fundurinn var í beinni gátu þeir sem ekki komust á fundinn einnig spurt spurningar. Undir myllumerkinu (e. hashtag) #LÍNfrumvarp var hægt að varpa fram spurningum í gegnum samfélagsmiðla. Twitter-aðgangur LÍS setti einnig inn færslur frá fundinum.

6.2 Sameiginlegur fundur með aðildarfélögum um #LÍNfrumvarpið

Aðildarfélög LÍS voru ekki á eitt sammála um einstök efnisatriði nýs lánasjóðsfrumvarps og komst LÍS í ákveðna pattstöðu gagnvart því. Þar sem ekki var ljóst að hvaða leyti samtökin gátu tjáð sig um það, ef afstaða aðildarfélaga var ekki á hreinu eða lá ekki saman. Ljóst er þó að opna þarf þetta samtal að nýju þar sem ótækt er að Landssamtök íslenskra stúdenta geti ekki tjáð sig um eitt stærsta hagsmunamál allra stúdenta. Framkvæmdastjórn LÍS er bjartsýn á að staða sem þessi muni ekki henda aftur. Lykilatriði í þessum málum er að koma á samtali þar sem vilji er til góðs og virks samstarfs. Sameinuð stöndum við, sundruð föllum við.

LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta shared Rebekka Rún Jóhannesdóttir's event.
Published by Aldís Mjöll Geirsdóttir [?] · June 3, 2016 · 🌐

Landssamtök íslenskra stúdenta, LÍS, stendur fyrir fundaröð um #LÍNfrumvarp.

Fyrsti fundur verður haldinn Á MORGUN klukkan 13 í stofu V-101 í HR. Opinn fundur með Illugi Gunnarssyni þar sem hann kynnir frumvarpið og svara spurningum.

Við fögnum því að mennta- og menningarmálaráðherra sé tilbúinn að gefa sér tíma í að upplýsa stúdentum um #LÍNfrumvarp og svara þeim spurningum sem stúdentar hafa. Við þökkum honum kærlega fyrir... See More

JUN 4 Opinn fundur LÍS með Illuga Gunnarssyni...
Sat 1 PM · Háskólinn í Reykjavík, stofa V101
60 Went · 178 Interested

Going

LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta
Published by Aldís Mjöll Geirsdóttir [?] · June 4, 2016 · 🌐

Illugi svarar nú í þessum skrifðu orðum spurningum úr sal og af Twitter #LÍNfrumvarp.

Fjórugar umræður eiga sér stað, athugaðu málið hér:

Visir - Í beinni: Illugi kynnir LÍN-frumvarpið fyrir háskólanemum

Nú stendur yfir fundur þar sem menntamálaráðherra kynnir frumvarp sitt um nýtt fyrirkomulag á LÍN.

VISIR.IS

Af því tilefni var ákveðið að halda sameiginlegan fund með öllum aðildarfélögum LÍS í húsnæði Háskólans í Reykjavík þann 11. ágúst. Öll aðildarfélög mættu að undanskildum SH og NLBHÍ. Á fundinum var leitast eftir því að fá það á hreint í hvaða atriðum aðildarfélögin voru sammála um eða gátu fundið sameiginlega grundvöll og finna út með hvaða hætti LÍS gæti tjáð sig um frumvarpið án þess að mæla gegn eigin aðildarfélögum.

Afleiðing af fundi sem þessum getur verið hvatning til frekari samskipta á milli aðildarfélaganna og það er gífurlega jákvætt að á meðal aðildarfélaganna hafi verið vilji til þess að setjast niður með hverju öðru til að reyna að leita að sameiginlegum grundvelli í jafn erfiðu máli og LÍN-frumvarpið hafði í för með sér.

Á fundinum var farið í vinnuhópa þar sem gestir veltu fyrir sér starfsemi og þýðingu lánasjóðs og í framhaldi af því voru lesin yfir einstök atriði úr frumvarpinu og óskað eftir afstöðu aðildarfélaganna.

Erfitt var að finna sameiginlegan grundvöll á fundinum og mætti segja að afrakstur fundarins hafi heldur legið í þeim lærdómi að þörf er á skýrara og betra samstarfi milli LÍS og aðildarfélaganna sinna varðandi m.a. tjáningu samtakanna á opinberum vettvangi, án þess að öll aðildarfélög séu sammála um það mál sem til umræðu er.

Í viðhengi: fundargerð.

6.3 Fundir fólksins: málþing stúdenta um #LÍNfrumvarp

Landssamtök íslenskra stúdenta efndu til pallborðsumræðna um LÍN-frumvarpið þann 3. september 2016 en fundurinn var hluti af viðburðinum „Fundur fólksins“.

Þátttakendur voru Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, Jóhannes Stefánsson þáverandi aðstoðarmaður Mennta- og menningamálaráðherra, Jóhann Gunnar Þórarinnsson, formaður SÍNE, Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, Eydís Blöndal, þáverandi oddviti Röskvu, Rebekka Rún Jóhannesdóttir, þáverandi formaður SFHR, og Bjarni Már Gylfason frá Samtökum atvinnulífsins. Með fundarstjórn fóru Benóny Harðarson og Ragna Sigurðardóttir.

Fundinum var streymt í beinni útsendingu á vísir.is en einnig var hægt að koma skoðunum á framfæri og spurningum í gegnum myllumerkið (*e. hashtag*) #LÍNfrumvarp.

Í viðhengi: fundargerð.



7 VINNUÞING

Venjan hefur verið sú hingað til að halda tvö vinnuþing á hverju starfsári, eitt að sumri og eitt að hausti. Á þessu starfsári fór það svo að ákveðið var að bregða út af fyrra fyrirkomulagi og færa haustþing fram í janúar 2017, en svokallað nýársþing var haldið 21. - 22. janúar 2017. Sú tilfærsla reyndist mjög vel og er enn unnið úr afrakstri þess. Vænta má þess að á komandi starfsárum muni þessi breyting halda sér.

7.1 Sumarþing

Helgina 23. - 24. júlí fór fram sumarþing framkvæmdastjórnar. Sumarþingið var haldið í húsakynnum BHM og Háskólans í Reykjavík. Sumarþingið markaði eins konar upphaf starfs nýrrar framkvæmdarstjórnar LÍS fyrir starfsárið 2016-2017, en mikilvægt er að hafa sterka byrjun á starfssemi nýrrar stjórnar þar sem hún fær tækifæri til þess að kynna innbyrðis áður en ráðist er í hefðbundið starf.

Á sumarþinginu fór fram ýmis konar vinna, m.a. má nefna það að gerð voru drög að nýrri umsókn í styrktarsjóð Evrópu unga fólksins til þess að tryggja fjármögnun fyrir Landsþing 2017 og NOM-fundinn sem fram fer í apríl (Sjá kafla 8.3.8). Einnig var þar unnið að starfsáætlun fyrir starfsárið, stefnumótun og að uppsetningu fréttadálks á heimasíðu samtakanna. Unnið var sérstaklega út frá þeirri hugmyndavinnu sem fram fór á landsþingi samtakanna 2016. Þegar þinginu var slitið voru allir fullir tilhlökkunar fyrir komandi starfsári!

Í viðhengi: dagskrá þingsins

7.2 Nýársþing

Á starfsárinu var brugðið á það ráð að færa haustþing fram yfir áramót og nefna það nýársþing. Þingið átti sér stað helgina 21. - 22. janúar í húsakynnum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Þátttakendur á þinginu voru bæði framkvæmdarstjórnarmeðlimir og áhugasamir nefndameðlimir.

Á þinginu var unnið í þremur vinnustofum sem báru yfirskriftirnar *Þátttaka stúdenta í eflingu gæða í háskólum*, *Kynningarefni samtakanna* og *Alþjóðlegt samstarf LÍS*. Unnið var að áframhaldandi eflingu á innviðum samtakanna og vinnu í stefnumótun í ýmsum málum í gegnum þessar vinnustofur. Fyrst og fremst átti sér stað mjög öflug stefnumótun í kynningarmálum og vinna að skipulagningu landsþings og NOM-fundarins. Afrakstur þeirrar vinnu má kynna sér í 11. kafla fyrir kynningarmál og 8.3.8 fyrir NOM-fundinn.

Í viðhengi: dagskrá þingsins

8 ALÞJÓÐAMÁL

Alþjóðastarfið hefur verið öflugt í ár og verður sú reynsla sem samtökin hafa öðlast í gegnum það, seint metin til fjár. Þá hefur samstarfið haft gríðarlega mikil og góð áhrif á uppbyggingu samtakanna en í gegnum alþjóðavettvanginn hafa samtökin getað leitað aðstoðar við hin ýmsu mál sem upp koma við uppbyggingu innviða samtaka eins og þessara. Einnig hafa íslenskir háskólanemar nú sterkan málsvara á þessum vettvangi í gegnum kröftugt alþjóðastarf LÍS sem er vel skipulagt og orðið formfast. Það gerir okkur ekki einungis kleift að færa þekkingu heim heldur getum við haft áhrif á stefnumótun í menntamálum sem fer fram innan European Students' Union (ESU).

Á landsþingi samtakanna árið 2016 var óskað eftir meira gegnsæi í störfum alþjóðanefndar LÍS en þetta starfsár hefur verið unnið að því að skrifa skýrslur eftir ráðstefnur og fundi en einnig var umfjöllun um liðna viðburði alþjóðastarfsins í fréttabréfum sem gefin voru út af LÍS. Þá var einnig lögð áhersla á að segja frá ráðstefnum og fundum erlendis á helstu samfélagsmiðlum á meðan á þeim stóð en einnig voru skrifaðar fréttir eftir hvern viðburð á heimasíðu samtakanna.

Þá var á herðum alþjóðanefndar þetta árið það risavaxna verkefni að skipuleggja NOM-fund í apríl. Sú skipulagning hófst strax í byrjun starfsárs og stendur enn yfir. Sögusagnir herma að fundurinn verði að öllum líkindum sá allra glæsilegasti í sögu NOM!

Í viðhengi: skýrslur alþjóðanefndar og umsókn til EUF.

8.1 Alþjóðanefnd 2016-2017

8.2 Nefndarmeðlimir:

- Þórður Jóhannsson (alþjóðaforseti)
- Aldís Mjöll Geirsdóttir
- Sunna Mjöll Sverrisdóttir
- David Erik Mollberg
- Elsa María Guðlaugs Drífudóttir
- Hrefna Ósk Maríudóttir
- Bryndís Pálmarsdóttir



8.3 Fundir og ráðstefnur 2016-2017


Hér verður gert stuttlega grein fyrir þeim fundum og ráðstefnum sem sóttar voru á síðastliðnu starfsári en ítarlegri greinargerð er að finna í skýrslum alþjóðanefndar sem eru í viðhengi.

8.3.1 BM 70 Bergen Noregur, maí 2016

- Hverjir sóttu fundinn: Helga Lind Mar þáverandi alþjóðaforseti, Þórður Jóhannsson og Aldís Mjöll Geirsdóttir.
- Board Meeting (BM) er stjórnarfundur ESU þar sem þeir sem aðildarfélög ESU taka stefnumótandi ákvarðanir um starf félagsins.
- Á þessum stjórnarfundum var LÍS samþykkt sem fullgildur meðlimur ESU og tók þar með formlega við sæti SHÍ. Einnig var kosin ný framkvæmdastjórn ESU. Í framkvæmdastjórninni eru 10 manns og eðli málsins samkvæmt fór því mikið þúður í kosningar og umsýslu í kringum þær.
- Á fundinum voru „code of conduct“ eða siðareglur félagsins endurskoðaðar en öll lög og skjöl félagsins eru reglulega yfirfarin af stjórninni á BM fundum.

Þau sem hlutu kjör í framkvæmdastjórn ESU fyrir starfsárið 2016-2017 voru:

- Lea Meister, formaður
- Blazhe Todorovski, karlkyns varaformaður
- Liva Vikmane, kvenkyns varaformaður
- Chiara Patricolo, meðstjórnandi
- Gramoz Sphendi, meðstjórnandi
- Frederik Bach, meðstjórnandi
- Adam Gajek, meðstjórnandi
- Aleksander Šušnjar, meðstjórnandi
- Beth Button, meðstjórnandi
- Milana Jankovic, meðstjórnandi



8.3.2 European Students' Convention 32 Bratislava Slóvakíu, september 2016

- Hverjir sóttu fundinn: Þórður Jóhannsson og Aldís Mjöll Geirsdóttir.
- Tvisvar á ári heldur ESU ráðstefnurnar ESC (European Students' Convention). ESC ráðstefnurnar hafa mismunandi yfirskriftir og áherslur.
- Yfirskrift þessarar ráðstefnu var „Education and Skills for the Future of Europe“. Allar nánari upplýsingar um það sem fram fór á ráðstefnunni má finna í fylgiskjali með þessari ársskýrslu

8.3.3 NOM 70 Helsinki Finnland, nóvember 2016

- Hverjir sóttu fundinn: Þórður Jóhannsson og Aldís Mjöll Geirsdóttir.
- NOM fundir eru haldnir tvisvar sinnum á ári og skiptast löndin á að hýsa þá. Ísland hélt NOM fund síðast árið 2013 og mun LÍS halda fundinn 6. - 10. apríl næstkomandi.
- Yfirskrift fundarins var „EU advocacy and Nordic Cooperation“. Allar nánari upplýsingar má finna í fylgiskjölum með þessari ársskýrslu.

8.3.4 EQAF Ljubljana Slovenía, nóvember 2016

- Hverjir sóttu fundinn: David Erik Mollberg, formaður LÍS og meðlimur í gæðanefnd.
- EQAF stendur fyrir European Quality Assurance Forum og var ráðstefnan í ár sú 11. sem haldin hefur verið. EQAF er árleg evrópsk ráðstefna sem tekur fyrir gæðamál á háskólastigi. Ráðstefnan í ár bar yfirskriftina “Quality in context - embedding improvement” og fór fram í formi fyrirlestra, pallborðsumræðna og vinnustofa.
- Ráðstefnan var haldin í höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, og var í fyrsta skipti haldin af landssamtökum stúdentaráttarinnar í landi en SSU sá um ráðstefnuna. Áður hafa menntastofnanir haldið ráðstefnuna. Skipulagning dagskrár er í höndum ENQA, ESU, EUA og EURASHE ár hvert.
- Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs ákvað að bjóða einum fulltrúa frá LÍS þar sem til var örlítið fjármagn hjá nefndinni. Ráðstefnuna sóttu fleiri meðlimir Ráðgjafarnefndarinnar og hún nýttist því einnig vel í tengslamyndun og óformlegar umræður um stöðu gæðamála á Íslandi og kynningu á LÍS. LÍS hefur áður sótt ráðstefnuna, árið 2015 og 2014.
- Fulltrúi LÍS sótti eins marga viðburði á ráðstefnunni og mögulegt var. Það sem stóð uppúr var fyrirlesturinn “Students creating change”. Fyrirlesturinn fjallaði um gerð heilstæðs ramma þar sem starfsfólk og stúdentar eru þjálfaðir og stuttir til að rannsaka og skapa breytingu í lærdómstækifærum og reynslu fyrir stúdentarátt. Úrdrátt úr fyrirlestrinum ásamt ramma er að finna í viðhengi.

8.3.5 House Erasmus+, Malmö Svíþjóð, nóvember 2016

- Hverjir sóttu fundinn: Hrefna Ósk Mariudóttir, fulltrúi í alþjóðanefnd
- LÍS var boðið að taka þátt í mikilvægu samráði um húsnæðismál háskólanema á Norðurlöndunum, dagana 22. - 23. nóvember. Um var að ræða fyrsta viðburðinn af þremur sem House Erasmus+ mun standa fyrir.
- Markmið ráðstefnunnar voru m.a. að bera kennsl á þær hindranir og erfiðleika sem skiptinemar þurfa að takast á við til þess eins að setjast að í nýju landi. Með samráði og betri skilningi á núverandi stöðu mála er von að hagsmunasamtök nemenda geti betur stutt við skiptinema sína og auðveldað þeim að finna húsnæði.

- Í upphafi viðburðarins voru ítarlegar skýringar á þeirri tölfræði sem House Erasmus+ hafði safnað og unnið úr nokkra mánuði fyrr. Tölfræðin snerti á hlutföllum skiptinema, hvernig þeir finna húsnaði, hversu mikið þeir greiða og hvernig gæði húsnaðisins er.
- Einnig báru þátttakendur saman bækur sínar, nánar tiltekið hvernig nálgun vandamála var háttað milli landa.
- Að loknum samanburði og samráði var hafin leit að ráðum, aðferðum og lausnum. Þar sem þetta var einungis fyrsti samráðsfundur þessara samtaka eru ekki komnar endarlegar niðurstöður hvað það varðar. Þó má taka fram að aðferðir sem önnur lönd hafa góða reynslu af gætu vel gengið hérlandis til þess að bæta úr stöðu mála.

8.3.6 BM 71 “Gdansk” Pólland, desember 2016

- Hverjir sóttu fundinn: Þórður Jóhannsson og Aldís Mjöll Geirsdóttir
- Á fundinum voru „code of conduct“ eða siðareglur félagsins endurskoðaðar en öll lög og skjöl félagsins eru reglulega yfirfarin af stjórninni á BM fundum.
- Það merkilegasta sem rætt var á stjórnarfundinum voru tvær yfirlýsingar. Sú fyrri hét „Statement on the New Skill Agenda for Europe“ og sú seinni „Statement on the Role of Education in Promoting Peaceful and Cohesive Societies“. Eftir breytingartillögur voru báðar yfirlýsingar samþykktar.

European Students´ Convention 33 Galway Írlandi, mars 2017

- Hverjir sóttu fundinn: Þórður Jóhannsson og Aldís Mjöll Geirsdóttir
- Tvisvar á ári heldur ESU ráðstefnurnar ESC (European Students’ Convention). ESC ráðstefnurnar hafa mismunandi yfirskriftir og áherslur.
- Yfirskrift þessarar ráðstefnu var „Access to Higher Education and the Consequences of Brexit“.
- Allar nánari upplýsingar um það sem fram fór á ráðstefnunni má finna í fylgiskjali með þessari ársskýrslu.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir hagsmuni íslenskra nemenda að LÍS haldi úti öflugum alþjóðastarfi. Að vera í góðu sambandi og eiga gott samstarf við alþjóðlega jafningja tryggir okkur nauðsynlega þekkingu og verðmætan stuðning. Á þessu ári hefur alþjóðanefnd LÍS lagt sig fram við að rækta og styrkja samband sitt við fjölda landssamtaka stúdenta, sér í lagi þau sem tilheyra NOM, landssamtaka stúdenta í Bretlandi (NUS-UK) og landssamtaka stúdenta í Hollandi (ISO og LSVb). Stór hluti þessara samtaka hefur aðstoðað okkur í samningaviðræðum við Menntamálaráðuneytið, meðal annars með því að heita á okkur stuðningsyfirlýsingum þar sem þau viðurkenna mikilvægi LÍS, lýsa yfir ánægju með það samstarf sem fram hefur farið og færa sterk rök fyrir því hvers vegna það er nauðsynlegt að tryggja stúdentahreyfingu á borð við LÍS varanlegt fjármagn. Fjármagn er nauðsynleg forsenda árangursríkrar hagsmunabaráttu allra stúdentasamtaka, líkt og flest lönd gera sér grein fyrir.

Það eru önnur góð dæmi sem sýna fram á mikilvægi þess að halda úti öflugum alþjóðastarfi. Eftir að hafa átt samtalið við fulltrúa NUS-UK utan hefðbundinnar dagskrár á einni ráðstefnunni var LÍS boðið að koma út til Bretlands til að fylgjast með landsþingi þeirra dagana 25. - 27. apríl. Tilgangur ferðarinnar er að rannsaka þeirra þinghald, skoða hvernig þau leysa ágreiningsmál aðildarfélaganna sinna og hvernig þau beita sér sem þrýstiafli með því að vera sterk sameinuð rödd stúdenta. Mikilvægt er að taka fram að NUS-UK stendur vörð um hagsmuni yfir 6 milljóna breskra nemenda og eru því gríðarlega mikilvæg og öflug samtök. Það þarf því varla að fara mörgum orðum um það hversu mikla þekkingu LÍS getur fengið aðgang að til að efla sína innri og ytri starfsemi. Önnur landssamþök líta LÍS öfundaraugum að vera þess heiðurs aðnjótandi að fá að fylgjast með þinghaldinu. LÍS hefur einnig notið góðs af nánu samstarfi við landssamþök stúdenta í Noregi (NSO). Þau hafa gefið okkur góð ráð varðandi hin ýmsu mál eins og til dæmis hvernig eigi að beita sér sem þrýstiafli og skipuleggja herferðir. Það er því ljóst að LÍS hefur á þessu starfsári styrkt tengslin og gengur nú að stóru og öflugum tengslaneti sem teygir sig þvert yfir Evrópu.

LÍS nýtur virðingar innan ESU og hefur fengið hrós fyrir framlag sitt til samstarfsins, sérstaklega í ljósi þess hversu lítið fjármagn LÍS hefur á milli handanna. Það er því gríðarlega mikilvægt að halda áfram að byggja á þessum sterka grunni. Evrópusamstarf hefur líklega aldrei verið mikilvægara en einmitt núna og er það alls ekki eingöngu bundið við Ísland. Evrópa er að ganga í gegnum mjög erfiða tíma sem einkennast af vaxandi þjóðernishyggju og einangrunarstefnu. Sagan hefur sýnt okkur að það viðhorf í alþjóðasamfélaginu er hættulegt og getur endað með hörmungum. Það hefur einnig sýnt sig að samstarf og viðskipti eru ein farsælasta leiðin til þess að koma í veg fyrir átök og ekki skal gera lítið úr vettvangi stúdenta í því samhengi. Menntun og þekking eru bestu vopn Evrópu á þessum varasömu tímum.

8.3.7 NOM 71 Reykjavík Ísland, apríl 2017

Nordisk Ordförande Møte, eða *NOM* eins og fundurinn er betur þekktur sem, er haldinn er tvisvar á ári. *NOM* er vettvangur samráðs og samskipta landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Landssamþökin skiptast á að halda fundinn og það féll í skaut LÍS að halda vorfundinn þetta árið. Fer fundurinn fram milli 6. - 10. apríl í Reykjavík og verður númer 71 í röðinni.


Undirbúningur fundarins hófst snemma eða í ágúst árið 2016. Fyrsta og mikilvægasta verkefnið var að tryggja fjármagn til þess að fundurinn gæti farið fram og varð Evrópa Unga Fólksins (EUF) fljótlega augljósasti kosturinn en þau hafa lengi verið að styrkja sambærileg verkefni. Farið var á fullt í að semja umsókn en henni þurfti að skila í síðasta lagi 4. október 2016. Umsjón með vinnu og ábyrgð var í höndum alþjóðaforseta en alþjóðanefnd LÍS kom öll að umsókninni. Eftir að umsókninni var skilað tók við erfið bið sem lauk snemma í desember á sama tíma og fulltrúar LÍS voru að sækja stjórnarfund European Students' Union í Gdansk, Póllandi. LÍS fékk úthlutað samtals 17.534 evrum.

Eftir að fjármagnið var tryggt var farið í að ákveða þema fundarins. Eftir nokkra vinnu var ákveðið að það skyldi verða „Stuðningskerfi stúdenta og félagslega víddin“ (*e. Students Support System and the Social Dimension*) en það þema var samþykkt af *troiku* *NOM* sem er ávallt samsett úr þeim þremur landssamtökum sem héldu síðasta fund, halda núverandi fund og þann næstkomandi. Í þessu tilfalli samanstóð troikan af landssamtökum Finnlands (SYL og Samok), Íslands (LÍS) og Litháen (LSS). Dagskrá fundarins er alltaf með svipuð sniði eða í formi fyrirlestra og vinnustofa og verður það óbreytt í tilfalli *NOM* Reykjavík

2017. Er nú þegar búið að ákveða flesta dagskrárliði og tryggja þátttakendur. Má til gamans geta að LÍŠ hefur fengið vilyrði frá Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, um að opna fundinn ef það kemur ekkert óvænt uppá.

Að halda NOM er mikil vinna. Ásamt því sem ofar segir þá þarf að útvega gistingu og fæði fyrir gesti og mögulega einhverja aðra þátttakendur. Það þarf að tryggja ferðamáta til og frá fundarstað. Einnig verður að hanna og útvega markaðsefni og setja saman dagskrárbækling með öllum nauðsynlegum upplýsingum. Síðast en ekki síst verður að skipuleggja dagskrá utan fundar. Það er ekki síður mikilvægt þar sem hugmyndir um frekara samstarf eiga það oft til að kvikna í afslappaðra umhverfi. Öll þessi vinna hefur verið að mestu leyt í höndum alþjóðanefndar og undir umsjá alþjóðaforseta. Hingað til hefur skipulagning gengið vel. Það mun þó auðvitað ekki koma í ljós fyrir en yfir lýkur hvernig heppnaðist.

Þess er vænst að útkoma fundarins skili sér í betri skilningi og þekkingu á stuðningskerfum stúdenta og mikilvægi félagslegu víddarinnar í því samhengi. Það er von LÍŠ að með því að fá fulltrúa stúdenta nágrannaríkja Íslands hingað til lands, segja okkur frá stöðunni í sínum löndum og deila með okkur reynslu stúdenta sinna þá geti LÍŠ betur séð hvað má betur fara hér á landi. Sú vitneskja gerir okkur kleift að leiða umræðuna, hanna betri lausnir og berjast fyrir hagsmunum íslenskra stúdenta með meiri yfirsýn og dýpri þekkingu en áður. Þá væntir LÍŠ þess að þátttakendur fundarins sjái sama virði og muni beita sér heima fyrir fyrir bættum hagsmunum sinna stúdenta.



9 GÆÐAMÁL

9.1 Gæðanefnd

Starfsárið 2016-2017 er fyrsta árið sem að Gæðanefnd LÍS hefur starfað. Starfið var leitt af Gæðastjóra LÍS, Sunnu Mjöll Sverrisdóttur, sem sá um að boða fundi og útteila verkefnum. Nefndin tók til starfa í september 2016 og auglýsti þá innan háskólanna, ásamt öðrum nefndum LÍS, eftir fulltrúum í nefndina. Einnig sátu í nefndinni Bologna-sérfræðingar LÍS sem skipaðir voru fyrr á árinu. Allar frekari upplýsingar um fulltrúa LÍS í nefndum, tengdum gæðamálum eða öðru, má finna í kafla 3. Gæðanefnd LÍS skipa: Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Davíð Erik Mollberg, Svandís Sigurðardóttir, Erna Sigurðardóttir, Guðrún Baldvinsdóttir og Jóhann Már Berry.

Verkefni nefndarinnar tengdust að miklu leyti tilfallandi störfum Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs, Fagháskólaneftndar og íslensku Bologna nefndarinnar, þar sem fulltrúar LÍS í þeim nefndum gátu nýtt Gæðanefnd LÍS sem samráðs- og samræðuvettvang. Þetta fyrirkomulag reyndist nefndinni vel.

Dæmi um verkefni sem nefndin vann að, utan formlegrar fundarsetu í öðrum nefndum, má nefna umsögn um Gæðahandbók íslenskra háskóla, sem gefin hefur verið út af Rannís. Umsögnin var ítarleg og athugasemdir okkar voru teknar til greina í lokaútgáfu handbókarinnar. Einnig tóku Davíð Erik og Sunna Mjöll að sér að halda erindi á gæðaráðstefnu sem haldin var í Háskóla Íslands þann 14. mars og bar ráðstefnan yfirskriftina „Launch Conference for the QEFII Handbook“. Erindið bar yfirskriftina „QEF from a student’s point of view“ og fékk góðar viðtökur. Það skilaði miklu að koma fram á slíkri ráðstefnu þar sem umræður sköpuðust í kaffihléum og í óformlegri dagskrá eftir ráðstefnuna.

Einnig er hafin vinna, í samstarfi við alþjóðanefnd, varðandi skipun erlends nemendafulltrúa í Gæðaráð íslenskra háskóla. Einnig er stefnt að því að fá erlendan fulltrúa til að sjá um þjálfun á nemendum í tengslum við BORE-verkefnið sem kynnt er í kafla 9.2.1. og hefur sú vinna farið af stað.

Innri uppbygging nefndarinnar fólst að miklu leyti í að kynna störf hennar og meðlimi fyrir samstarfsaðilum. Einnig fór mikil vinna í það að kynna nefndarmeðlimum fyrir uppbyggingu gæðamála á Íslandi. Við getum sagt með stolti að samstarfsfólk okkar í Rannís, MRN, Fagháskólaverkefninu, Gæðaráð íslenskra háskóla, Gæðastjórar háskólanna og Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs hafa öll hrósað okkur fyrir frábæra vinnu og gott samstarf. Þau eru meðvituð um að LÍS leggur mikla áherslu á gæðamál, en erfitt hefur reynt hingað til að setja stúdenta inn í slík mál. Þau voru sérstaklega ánægð með þema landsþingsins í ár, sem er „Hvers virði er mín menntun? – Efling stúdenta í gæðamálum“. Ástæður þess að gæðamál urðu fyrir valinu eru þær að í kjölfar þess að MRN stofnaði Gæðaráð íslenskra háskóla árið 2010 hefur verið hröð þróun í gæðamálum á Íslandi. LÍS þykir mikilvægt að þeir stúdentar sem eru í forsvari fyrir sitt aðildarfélag séu meðvitaðir um stöðu gæðamála á Íslandi og að þeir fái tækifæri til að láta rödd sína heyrast í þeim efnum. Samkvæmt lögum LÍS er hlutverk Gæðastjóra LÍS meðal annars að upplýsa hinn almenna nemenda um stöðu gæðamála á Íslandi og er landsþingið liður í því. Gæðanefndin vann að dagskrá landsþingsins með

formanni LÍS og í samstarfi við sérfræðinga í gæðamálum íslenskra háskóla. Í kjölfar landsþingsins mun Gæðanefnd LÍS, í samstarfi við framkvæmdastjórn og Rannís vinna stefnu LÍS í gæðamálum. Gæðanefndin hefur þegar hafið vinnu í drögum að stefnunni. Landsþingið og gæðastefnan fellur að hluta til undir BORE verkefnið. Fjallað er um nánar um BORE verkefnið í kafla 9.2.1.

9.2 Samstarf við Rannís

9.2.1 BORE II verkefnið

BORE, sem stendur fyrir “The Bologna Reform in Iceland”, er verkefni sem Rannís hefur yfirumsjón með og LÍS er hluti af. Verkefnið er meðal annars unnið af Bologna sérfræðingum LÍS og annarra Bologna sérfræðinga í svokallaðri Bologna-nefnd, sem er undir stjórn Maríu Kristínar Gylfadóttur hjá Rannís. Verkefnið hefur það að markmiði að fylgja eftir þeim áskorunum sem að kynntar voru á ráðherrafundinum í Yerevan árið 2015 og að fylgja eftir þeim atriðum sem Bologna ferlið leggur áherslu á, meðal annars:

- Að efla gæði og mikilvægi náms og kennslu.
- Að stuðla að alþjóðavæðingu

9.2.2 Gæðaráðstefnur

Meðlimir nefndarinnar sóttu tvær ráðstefnur sem tengjast gæðamálum.

- EQAF í Slóveníu - David Erik Mollberg sótti ráðstefnuna. Meira um ráðstefnuna má lesa í kafla 8.3.4.
- Launch Conference for the QEFII Handbook, sem haldin var í Háskóla Íslands þann 14. mars 2017 - Sunna Mjöll Sverrisdóttir, David Erik Mollberg, Erna Sigurðardóttir og Aldís Mjöll Geirsdóttir og sóttu ráðstefnuna. Ráðstefnuna, þar með talið erindi Davids og Sunnu, má finna í heild sinni [hér](#).



Hér má sjá fulltrúa LÍS á ráðstefnunni ásamt formanni Gæðaráðs, meistara Norman Sharp:

10 JAFNRÉTTISMÁL

Á starfsárinu tók LÍS sín fyrstu skref í jafnréttisstarfssemi með tilkomu starfandi jafnréttisfulltrúa og jafnréttisnefndar. Jafnréttisstarfið var mikilvæg viðbót við starfssemi samtakanna en það gefur auga leið að hagsmunasamtök á borð við LÍS eigi að sjálfsögðu að búa yfir öflugu jafnréttisstarfi. Á starfsárinu fór fram innri uppbygging í jafnréttisstarfi þar sem fulltrúi og nefnd gerðu sér grein fyrir hvernig landið liggur í jafnréttismálum hjá háskólasamfélaginu í heild sinni. Sömuleiðis stóð nefndin fyrir sameiginlegum fundi jafnréttisnefnda og -fulltrúa aðildarfélagana og varð til þess að hrinda af stað útvíkkun síðunnar Réttinda-Ronja, sem er gagnagrunnur yfir réttindi og úrræði nemenda með fötlun/fatlanir og/eða sértækar námsþarfir.

10.1 Jafnréttisnefnd

10.2 Nefndarmeðlimir

- Elsa María Guðlaugs Drífudóttir (jafnréttisfulltrúi)
- Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir
- Sigríður Borghildur Jónsdóttir
- Sigvaldi Sigurðarson
- Unnur Helgadóttir

Síðastliðið starfsár var fyrsta árið þar sem LÍS var með starfandi jafnréttisfulltrúa og -nefnd. Störf nefndarinnar hafa gengið einstaklega vel með tilkomu duglegra og metnaðarfullra nefndarmeðlima en hópanði og drífandi innan nefndarinnar var hreint út sagt einstakur og hvetjandi.

Jafnréttisnefnd bauð jafnréttisnefndum og -fulltrúum aðildarfélaganna á fund þar sem nefndirnar fengu færi á að kynnst starfi hvorrar annarrar og eins starfi og hlutverki LÍS. Á fundinn mættu fulltrúar frá þremur aðildarfélögum, NLHÍ, SFHR og SHÍ. Þar sköpuðust góðar umræður og velt var upp hvað væri sameiginlegt í jafnréttisbaráttu innan ólíkra háskólastofnanna og eins það sem þótti ólíkt. Helst mátti heyra hver munurinn var á viðhorfi og meðvitund innan mismunandi stofnanna. Aðgengismál voru ofarlega á baugi, en það var samhljómur innan þeirra sem sóttu fundinn að úrbótum á því sviði er ábótavant, þó augljóslega mismikið eftir stofnunum. Afrakstur fundarins hefur svo jafnréttisnefnd og -fulltrúi getað nýtt til þess að byggja upp afstöðu sína gagnvart málefnum.

Innri uppbygging nefndarinnar átti sér að miklu leyti stað í vetur, þar sem jafnréttisfulltrúi og -nefnd gerðu sér grein fyrir stöðu sinni innan háskólasamfélagsins og að hverju þau gætu stuðlað í sínu hlutverki. Fyrst og fremst má nefna aðgengismál sem hafa hingað til verið á miklu undanhaldi og eru ekki á sama stigi og þörf er á. Háskólunum ber öllum skylda að koma til móts við alla sína nemendur og að geta boðið þeim







viðunandi húsnæði og aðstöðu burtséð frá líkamlegum og andlegum hömlunum og er það kröfumál jafnréttisnefndar LÍS.

10.3 Réttinda-Ronja

Árið 2015 hlutu þrjú stúdentar styrk frá Nýsköpunarsjóði Námsmanna til þess að koma á fót gagnagrunni á vefnum um réttindi og úrræði stúdenta innan Háskóla Íslands með fötlun/fatlanir og/eða sértækar námsþarfir. Sá vefur eru uppi í dag undir nafninu Réttinda-Ronja. Með tilkomu jafnréttisnefndar LÍS urðu til hugmyndir um útvíkkun Réttinda-Ronju svo að allir stúdentar á Íslandi með fötlun/fatlanir og/eða sértækar námsþarfir gætu sótt sér viðeigandi upplýsingar. Gagnagrunnur sem þessi á sér enga hliðstæðu hér á landi og mun leiða til töluverðra umbóta aðgengis stúdenta að upplýsingum um réttindi sín og úrræði, sem hefur hingað til reynst töluverð.

Nú hefur jafnréttisnefnd komið á fót starfshópi sérstaklega tileinkuðum Réttinda-Ronju sem mun vinna að því að koma verkefninu í framkvæmd. Hópin skipa Sigvaldi Sigurðarson, Daníel G. Daníelsson, Magnús Jóel Jónsson og Anna Margrét Björnsdóttir. Jafnréttisnefnd fagnar einlæglega tilkomu þessa sterka hóps og hlakkar til þess að sjá stækkaða útgáfu Réttinda-Ronju verða að veruleika.

Núverandi útgáfa Réttinda-Ronju.

 <p>Lög og reglur</p> <p>Hér má finna lög og reglugerðir sem snúa að réttindum nemenda í Háskóla Íslands.</p>	 <p>Diplómanám</p> <p>Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun er námsbraut í þroskabjálfafræði.</p>	 <p>Ráð um málefni fatlaðs fólks</p> <p>Ráð um málefni fatlaðs fólks er skipað fimm einstaklingum tengdum háskólanum.</p>
 <p>Sjóðir og örorka</p> <p>Hér má nálgast upplýsingar um sjóði sem tengjast örorku.</p>	 <p>Aðgengi fyrir fólk með hreyfihömlun</p> <p>Hér má finna lög og reglugerðir sem snúa að réttindum nemenda í Háskóla Íslands.</p>	 <p>Náms- og starfsráðgjöf</p> <p>Náms- og starfsráðgjöf veitir nemendum stuðning og þjónustu meðan á námi stendur.</p>

11 KYNNINGARMÁL

11.1 Almennt

Á starfsárinu réðust samtökin í öfluga kynningarstarfssemi með tilheyrandi útbúnaði og þátttöku í viðburðum.

Eins lögðu samtökin sig fram um að vera virk á samfélagsmiðlum eins og Twitter og Facebook, svo að upplýsingar um daglegan rekstur og verkefni samtakanna væru í sífelldu rennsli til umheimsins. Sérstaklega mátti sjá að á ráðstefnum og fundum erlendis og á málþingum birtust ötullegar uppfærslur um umræðuefni líðandi stundar.

Á nýársþingi samtakanna í janúar 2017 voru kynningarmál sérstaklega tekin fyrir og mikil hugmyndavinna unnin í tengslum við þau. Ekki var einungis lögð áhersla á kynningarmál út á við heldur einnig innan samtakanna, þ.e. í samskiptum við aðildarfélög en til dæmis var unnið var að kynningu sem nýst gæti í kynningarstarfssemi við aðildarfélög.

11.2 Heimasíða

Heimasíða samtakanna í mars 2017:



Heimasíða samtakanna tók ekki miklum stakkaskiptum á liðnu starfsári, en þó má nefna þá kærkomnu viðbót, fréttadálkinn, en þar komu inn reglulegar uppfærslur um stærri atburði hjá samtökunum. Komid var á skipulagi þar sem nefndir innan samtakanna munu skiptast á að birta greinar sitt á hvað í hverjum mánuði. Enn á það skipulag eftir að komast almennilega í gang, búast má við að það muni virkjast í náinni framtíð. Þess má til gamans geta að óskað var eftir meira gegnsæi í alþjóðastarfinu á síðasta landsþingi en með þessu

fyrirkomulagi hefur umfjöllun um ráðstefnur og fundi erlendis litið dagsins ljós á heimasíðunni, fyrir allra augum.

Enn má finna helstu upplýsingar um samtökin inn á heimasíðunni, t.a.m. um framkvæmdarstjórn, stefnu og lög samtakanna, upplýsingar um aðildarfélög o.s.fv. Síðan er hýst hjá Squarespace, en lénið er frá ISNIC. www.haskolanemar.is

11.3 Twitter


Twitter-síða LÍS í mars 2017:



Eins og sjá má á samanburði á núverandi fjölda innleggja og fylgjenda á Twitter aðgangi samtakanna nú og frá síðasta ári hafa samtökin verið mun virkari í vetur en áður. Innleggjafjöldi meira en tvöfaldaðist og fylgjendum fjölgaði um tvo þriðju sem má teljast töluverður ávinningur í samanburði við árangur síðustu ára. Sérstaklega má hrósa mjög góðri virkni þegar samtökin tóku þátt í alþjóðlegum ráðstefnum þar sem uppfærslur voru birtar mjög reglulega með góðum undirteknum. Mikilvægt er að samtökin séu virk á Twitter og séu fær um að taka virka þátt í umræðum líðandi stundar. #LÍSnemar #LÍSnemar #LÍSnemar #LÍSnemar

11.4 Facebook

Samtökin voru vel virk á Facebook þetta starfsárið, en gætt var að því að birta reglulega uppfærslur þar sem fylgjendur síðunnar voru uppfærðir um dagleg störf samtakanna. Virkilega mikilvægt er fyrir samtökin að gæta að góðri virkni á Facebook, en hartnær öll hin íslenska þjóð á aðgang á þeim vef. Þjórnar virkni á síðunni einnig þeim



tilgangi að gæta að gagnsæi í starfsemi samtakanna ásamt því að geta brugðist hratt og örugglega við málefnum líðandi stundar með innleggjum á síðuna.

Á starfsárinu bættu samtökin við sig 250 fylgjendum og standa nú í 2463, náðu þau mest til rúmlega 25.000 manns í stöku innleggi.

11.5 Fréttir og fréttabréf

Nýjung í kynningarmálum þetta starfsárið var fréttadálkur inni á heimasíðu samtakanna, en sú vinna var unnin á sumarþinginu, þar eru birtar helstu fréttir samtakanna. Enn önnur nýjung í kynningarmálum þetta árið var gerð fréttabréfa en tvö slík bréf voru send út til aðildarfélaganna og birt í framhaldi á heimasíðu samtakanna undir fyrr nefndum fréttadálki. Í fréttabréfunum var stuttlega fjallað um nýliðna atburði. Framkvæmdastjórn telur að þetta fyrirkomulag hafi heppnast með eindæmum vel, til þess fallið að auka gagnsæi starfseminnar og því kjörið að halda þessu áfram.



Í viðhengi: fréttabréfin tvö.

11.6 Háskóladagurinn

Landssamtökin tóku í fyrsta skipti þátt í háskóladeginum þann 4. mars 2017, en voru þau með bás bæði í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Þar gafst verðandi háskólanemum, sem og öðrum, tækifæri til þess að kynna sér samtökin og starfsemi þeirra. Margir gáfu sig á tal við fulltrúa LÍSS og spurðu út í starfsemi samtakanna sem og hin ýmsu málefni sem varða stúdenta.

Vonast er til þess að þátttaka í háskóladeginum verði að föstum liði í starfsemi samtakanna en þátttaka í viðburðum sem þessum leika veigamikil hlutverk í kynningu á LÍSS og í því að gæta að meðvitund háskólanema um tilvist, virkni og tilgang samtakanna.



11.7 Varningur


Ýmiss konar kynningarvarningur er mjög mikilvægur í starfsemi LÍSS og mun nýtast vel í áframhaldandi starfi. Á þessu starfsári voru meðal annars hannaðir og settir upp rennistandur, borðfáni og kynningareinblöðungur. Fleiri vörur eru einnig á leið í hús, s.s. pennar, nafnspjöld og límmiðar.





11.8 Skipurit

Á nýársþinginu var unnið að gerð skipurita um alþjóðamál, gæðamál og stöður innan framkvæmdastjórnar LÍS. Á starfsárinu hefur oft verið þörf fyrir einfalda leið til að útskýra hvernig alþjóða- og gæðamálum er háttað innan LÍS. Þetta nýtist til dæmis nýjum framkvæmdastjórnarmeðlimum og fulltrúum aðildarféлага.


Skipurit fyrir framkvæmdastjórn LÍS sýnir hvaða stöður eru innan framkvæmdastjórnar LÍS. Kosið er í stöður formanns, alþjóðaforseta og gæðastjóra á landsþingi árlega en kosið er um aðrar stöður á framkvæmdastjórnarfundi LÍS.



Útbúin voru tvö skipurit um gæðamál. Eitt sýnir skipulag gæðamála í háskólum á Íslandi, en þar er farið yfir starfsemi Gæðaráðs íslenskra háskóla og Ráðgjafanefndar Gæðaráðsins. Hitt skipuritið sýnir fulltrúa í Gæðanefnd LÍS og hlutverk þeirra í nefndum tengdum gæðamálum.



Einnig var útbúið skipurit fyrir alþjóðamál sem sýnir árlega viðburði European Students' Union (ESU), sem LÍS er aðildafélag að. Skipuritið sýnir einnig hvernig “blokkinn” NOM er uppbyggð. Meira er talað um NOM og ESU í kafl 8.3.8



12 INNRA STARF

Frá stofnun samtakanna hefur verið mikil áhersla lögð á að byggja þau upp á sterkum grunni. Það er vandasamt verk en á sama tíma gríðarlega mikilvægt. Spilar þar gott verklag stórt hlutverk en með skýru verklagi er ljóst að starf samtakanna verður skipulagt og skilvirkt. Í ár hélt framkvæmdastjórn áfram þeirri umfangsmiklu vinnu ásamt því að vinna eftir samþykktu verklagi síðasta árs.

Þá var á sumarþingi framkvæmdastjórnar samið verklag um skipun í nefndir LÍS en nefndirnar voru settar á laggirnar á síðasta landsþingi þegar ný lagagrein var samþykkt þess efnis og því brýn þörf á verklagi. Verklagið verður borið upp á landsþingi samtakanna 2017.

12.1 Lagabreytingar

Lagabreytingarnefnd vann að gerð 20 lagabreytingartillagna sem samþykktar voru á framkvæmdastjórnarfundum 13. febrúar en þær verða lagðar fyrir landsþing samtakanna 2017 til samþykktar.

12.2 Lagabreytingarnefnd 2016-2017

12.2.1 Nefndarmeðlimir

- Aldís Mjöll Geirsdóttir (formaður nefndarinnar)
- Brynhildur Sørensen
- Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir
- Unnur Helgadóttir

Störf lagabreytingarnefndar starfsárið 2016 - 2017 voru einkar ánægjuleg og á þar formaður Lagabreytingarnefndar, Aldís Mjöll Geirsdóttir (varaformaður LÍS), hrós skilið fyrir mikinn metnað og hvetjandi viðhorf í störfum sínum. Í störfum nefndarinnar var leitast við að uppfæra lög samtakanna á heildstæðan og skýran máta og bæta orðalag og framsetningu. Fundað var eftir þörfum en störf nefndarinnar voru aðallega unnin í janúar og febrúar þar sem breytingartillögur voru unnar og settar fram og að lokum kynntar fyrir framkvæmdastjórn. Sá háttur var hafður á að allir nefndarmeðlimir auk formanns komu með tillögur að breytingum á lögum og svo var unnið með þær á fundum eða þær ræddar í gegnum google docs skjöl. Þessi háttur sem hafður var á var þægilegur til að sem mest undirbúningsvinna færi fram án þess að þurfa að funda sérstaklega og þannig geyma það sem ræða þurfti sérstaklega fyrir fundi. Þetta stuðlaði líka að því að fundirnir voru skilvirkari.

Það verður seint vanmetið hversu mikilvæg þekking á almennri starfsemi samtakanna er til að skilja til hlítar lög og regluverkið. Í ljósi örrar þróunar þeirra er líka mikilvægt að lög og regluverk séu skýr og í sífelldri endurskoðun. Starfi Lagabreytingarnefndar er því í raun aldrei lokið. Í því sambandi er mikilvægt að framlag þeirra sem gegna embættum, sitja í framkvæmdastjórn eða nefndum innan LÍS sé tekin til greina við endurskoðun á lögum, líkt og verklagið er nú. Það er svo á hendi Lagabreytingarnefndar að útfæra þessar tillögur og vangaveltur og skoða með gagnrýnum augum hvort að þær geti verið til bóta og í samræmi við tilgang og stefnu samtakanna.

Að sitja í Lagabreytingarnefnd LÍS veitir laganemum, bæði þeim sem eru nýbyrjaðir í grunnáminu, sem og þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref úti í atvinnulífinu, dýrmæta reynslu. Það er mjög lærdómsríkt að yfirfara lög félagsins með gagnrýnu auga, koma með breytingartillögur, svo ekki sé talað um að semja drög að nýjum lagaákvæðum. Allt þetta krefst vandvirkni og faglegra vinnubragða sem eru mikilvægir eiginleikar í starfi lögfræðinga.

Einnig fengu meðlimir góða reynslu af hópastarfi í nefndarsamstarfinu. Orðatiltækið „Betur sjá augu en auga“ á vel við í þessu samhengi. 3-4 manneskjur geta verið að skoða sama lagaákvæðið en allar komið auga á sitthvora villuna eða komið með sitthvorar hugmyndir um breytingar á ákvæðinu. Hver og einn gat komið með sína tillögu að breytingum, skipst var á skoðunum og þannig tekin ákvörðun um það hvort við myndum skrá niður og síðan bera upp tiltekna breytingartillögu.

Samstarfið innan nefndarinnar var einkar ánægjulegt og lærdómsríkt og vert er að leggja áherslu á hversu mikilvægt er að formaður nefndarinnar (varaformaður) hafi mikla þekkingu á starfi samtakanna þegar verið er að vinna úr lagabreytingartillögum.

Brynhildur Sørensen

Kristbjörg Fjóla Hrólfsdóttir

Unnur Helgadóttir

13 Samstarf

13.1 Samstarf við Mennta- og menningarmálaráuneytið

13.1.1 Samningaviðræður

Í desember 2016 veitti mennta- og menningarmálaráuneytið LÍŠ bráðabirgðastyrk en það var í framhaldi af umsóknarferli síðasta starfsárs um þjónustusamning. Sá styrkur var upp á tvær milljónir króna en hann var veittur þar sem ráðuneytið var ekki í stöðu til að ráðast í frekari samningaviðræður á þeim tímapunkti. Þó var áskilið að ráðuneytið myndi taka málið upp að nýju í byrjun árs 2017.

Í janúar hélt framkvæmdastjórn áfram með umsóknarferlið en það fól í sér endurskoðun á umsókninni sem unnin var á síðasta starfsár. Endurbætt umsókn var send til ráðuneytisins í febrúar á þessu ári en í framhaldi af því var fundur með Unu Strand Viðarsdóttur, sérfræðingi hjá ráðuneytinu. Af fundinum að dæma er ljóst að gerður verður þjónustusamningur við LÍŠ en þó er óljóst hvenær og hvort fallist verði á kröfur þær er LÍŠ setti fram í umsókn sinni. Þannig er umsóknin enn til meðferðar hjá ráðuneytinu og er ekki annað en að vona að báðir samningsaðilar gangi sáttir frá borði að samningssumræðum loknum.

Í viðhengi: uppfærð umsókn til MRN.

13.1.2 EUROSTUDENT-könnun

Stofnaður var starfshópur innan Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) sem sá um framkvæmd EUROSTUDENT könnunarinnar á Íslandi. LÍŠ var með tvo fulltrúa í hópnum en það voru Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg. Aðkoma LÍŠ kom til vegna þess að Rannís hóf vinnu að gerð svipaðrar könnunar í nóvember 2015 í samstarfi við LÍŠ en sú vinna var stöðvuð þegar umræddur starfshópur var stofnaður innan MRN.

Starfshópurinn lagði til breytingar á könnuninni svo hún myndi sæma íslenska háskólasamfélaginu en einnig var ákveðið hvernig dreifing skyldi fara fram. Maskína sá um uppsetningu, móttöku og úrvinnslu gagnanna. Það fell alfarið í hlut LÍŠ að dreifa könnuninni meðal háskólanema en sú vinna fól í sér kynningu á könnuninni, gerð kynningarefnis og dreifingar. Þessa vinnu sáu fyrrnefndir fulltrúar LÍŠ í starfshópnum um. Liður í kynningu á könnuninni var meðal annars þegar Aldís Mjöll Geirsdóttir, fulltrúi SHÍ í framkvæmdastjórn LÍŠ, fór á stúdentaráðsfund SHÍ þar sem hún kynnti könnunina fyrir stúdentaráðsliðum. Þess má til gamans geta að auglýsing um könnunina á Facebook-síðu samtakanna fékk yfir 26.000 í reach sem er mesta reach síðunnar frá upphafi.

Það er mikill upplýsingaskortur á Íslandi um hagi háskólanema. Þetta var því mikilvægt verkefni í þeirri



upplýsingaöflun en nauðsynlegt er að geta gengið að slíkum upplýsingum í til dæmis samanburði við önnur lönd. Í þeim löndum sem könnunin hefur verið lögð fyrir hafa niðurstöðurnar meðal annars verið notaðar til að:

- Bæta fjárhagsstöðu nemenda með því að umbreyta fyrirkomulagi við lán- og styrkveitingar.
- Fjölga valmöguleikum háskólanema í húsnaðismálum.
- Bera saman hagi og lífsskilyrði háskólanema milli landa.
- Móta framtíðarstefnu um aðstæður og hag nemenda.
- Og margt fleira.

13.1.3 Hæfnirammí í menntamálum

LÍS átti sæti í nefnd sem falið var að endurskrifa og bæta íslenska hæfnirammann í menntamálum. Ferlið tók um tvö ár og lauk þann 12. nóvember 2016 með formlegri undirskrift hagsmunaaðila. Hæfniramminn hefur tvíþættan tilgang; annars vegar að auka gegnsæi innan menntakerfis viðkomandi lands og hinsvegar að auka gagnsæi milli evrópskra menntakerfa. Upplýsingar um hæfni má t.a.m. nýta í ferilskrá, við starfsþróun og í umsókn um nám.

13.1.4 Verkefnastjórn um stofnun fagháskóla og samstarfsnefnd um fagháskóla

Í mars 2016 var skipaður verkefnahópur um fagháskólanám. Í hópnum sátu, auk fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Landssamtaka íslenskra stúdenta, Sambands íslenskra framhaldsskólanema, Samstarfsnefndar háskólastigsins, Samtaka atvinnulífsins og Skólameistarafélags Íslands. Hópurinn fundaði á tveggja vikna fresti yfir sumarið og fram í september og gaf út skýrslu í kjölfar vinnunnar sem fór fram, skýrsluna má finna í viðhengi. Verkefnahópurinn lagði til að farið yrði af stað með þróunarverkefni haustið 2017 og að stofnað yrði samstarfsráð og þróunarsjóður utan um verkefnið. LÍS hefur fulltrúa í samstarfsnefndinni ásamt fulltrúum frá sömu aðilum og áttu sæti í upprunalega verkefnahópnum. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að:

- *Að skilgreina frekar markmið með þróunarverkefninu og einstökum þáttum þess.*
- *Að leggja fram tillögu um kostnað og fjármögnun fagháskólanáms til framtíðar fyrir maí 2018.*
- *Að leggja fram tillögu um hvaða nám verði fagháskólanám og geti farið af stað árið 2017 og 2018 á grundvelli greiningar og forgangsröðunar atvinnulífsins í samráði við háskóla, framhaldsskóla og aðrar menntaveitur.*
- *Að vinna að skilgreiningu á raunfærismati á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess.*

Samstarfsnefndin hefur haldið tvo fundi og þróunarverkefnin sem fara af stað árið 2017 hafa verið fjármögnuð en ekki hefur verið ákveðið hvaða verkefni verða fyrir valinu þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Í viðhengi: skýrsla verkefnahópsins.

13.2 Samstarf við Bandalag háskólamanna

Á starfsárinu hefur verið lagður góður grunnur að farsælu framtíðarsamstarfi við BHM enda höfum við verið undir sama þaki og BHM í heilt ár en í mars 2016 fékk LÍS aðgang að skrifstofunni að Borgartúni 6.

Á stjórnarfundum BHM 3. febrúar 2017 héldu David Erik Mollberg, formaður, og Aldís Mjöll Geirsdóttir, varaformaður, kynningu um LÍS fyrir öllum formönnum aðildarfélaganna BHM. Í framhaldi af þeim fundi var einblöðungi dreift til aðildarfélaganna BHM þar sem við vöktum athygli á vilja okkar til samstarfs. Í framhaldi af því höfum við fengið heimsóknir á skrifstofuna og má því gera ráð fyrir nánara samstarfi við aðildarfélög BHM í framtíðinni.

Hefur þú spurningar sem snúa að málefnum stúdenta?

Sæll nágrenni,
Við í LÍS deilum húsnaði með þér í Borgartúni 6. LÍS eru hagsmunasamtök íslenskra stúdenta og aðildarfélög okkar eru stúdentafélög háskólanna auk Sambands íslenskra námsmanna erlendis.

Við viljum hvetja þig til að hafa samband við okkur ef þú hefur einhverjar spurningar, eða ef þú vilt spjalla við okkur. Okkur má finna handan við hornið og á lis@haskolanemar.is



13.2.1 Samningaviðræður

Á framkvæmdarstjórnarfundum LÍS 7. mars 2016 var samþykktur samningur og í framhaldi flutti LÍS í skrifstofuna. Samkvæmt þeim samningi, sem þó er runninn út þegar þessi skýrsla er rituð, fær LÍS skrifstofuherbergi, aðgang að fundaaðstöðu og kaffistofu auk annarrar tilfallandi þjónustu.

Landsamtök íslenskra stúdenta munu í samstarfi sínu við Bandalag háskólamanna:

- finna leiðir til þess að efla þekkingu stúdenta á kjara- og réttindamálum.
- taka þátt í stefnumótun hvað varðar sameiginleg hagsmuna- og réttindamál.
- aðstoða BHM við kannanir á stöðu háskólamenntaðra í samfélaginu.
- vinna ásamt BHM að vinnumiðlun fyrir stúdenta.
- taka þátt í stefnumótun BHM hvað varðar lífeyrismál með sérstaka áherslu á hópinn sem er á leið inn á vinnumarkaðinn.

Þegar þetta er skrifað eru í gangi samningaviðræður við BHM um nýjan samning þar sem núgildandi samningur er fallinn úr gildi. Einungis eru komin drög að þeim samningi sem mun að öllum líkindum verða ögn bitastæðari en sá síðari hvað varðar nánara samstarf.

13.2.2 Málþing: Lífið eftir háskólanám

Daginn fyrir skiptafund LÍS, 19. mars, stóð BHM að málþingi í tengslum við aðalfund bandalagsins sem bar yfirskriftina „Lífið eftir háskólanám“. Fyrir hönd LÍS sátu þau Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg málþingið. En aðstæður ungs háskólamenntaðs fólks eru öðruvísi nú en þær voru fyrir um áratug og hvað þá ef horft er lengra aftur í tímann. Fjölgun háskólamenntaðra hefur leitt til þess að samkeppni um

störf þar sem háskólamenntun er krafa, hefur aukist. Þó eru vísbendingar um að menntun skili ekki sama ábata og áður og þá sérstaklega hér á landi í samanburði við önnur lönd innan OECD.

Framkvæmdastjórn LÍS tók þátt í skipulagningu þingsins en BHM bað LÍS að útvega tvo einstaklinga sem nýverið höfðu lokið við háskólanám sitt. Fyrir valinu urðu Anna Marsý, fyrrum formaður og stofnandi LÍS, og Halldór Stefánsson. Erindin þeirra fjölluðu um upplifun þeirra á því að taka fyrstu skrefin inn á vinnumarkaðinn. Fundarstjóri þingsins var Hrund Gunnsteinsdóttir, frumkvöðull og stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs.

Dagskrá þingsins var eftirfarandi:

10:00 Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, setur málþingið

10:10 Katrín Ólafsdóttir, PhD í vinnumarkaðshagfræði og lektor við HR: „Fer staða háskólamenntaðra á vinnumarkaði versnandi?“

10:35 Ásgeir Jónsson, PhD í hagfræði og dósent við HÍ: „Ekkert pláss fyrir nýtt fólk?“

11:00 Viðhorf ungs háskólafélks: Anna Marsibil Clausen, bókmenntafræðingur og blaðamaður, og Halldór Stefánsson, BSc í verkfræði, lýsa væntingum sínum um framtíðina

11:30 Frummælendur svara spurningum fundarmanna í pallborði

11:55 Samantekt fundarstjóra

12:00 Dagskrárlök

13.2.3 Málþing: Lykill eða lás

Þann 11. nóvember 2016 stóð BHM, Þjónustuskrifstofa FFSS og Norræna húsið að málþingi um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Tveir fulltrúar LÍS sátu þingið og voru það þeir David Erik Mollberg og Andri Ingason.

Yfir eitthundrað fulltrúar frá aðildarfélögum BHM, öðrum heildarsamtökum á vinnumarkaði, ráðuneytum, sveitarfélögum, stofnunum tengdum vinnumarkaði og stjórnmalaflokkum sátu málþingið sem var tvískipt.

Í fyrri hluta fjölluðu þrír erlendir fyrirlesarar um þróun vinnumarkaða í Norður-Evrópu og vinnubrögð við kjarasamningagerð í Noregi og Danmörku. Christian Lyhne Ibsen, aðstoðarprófessor við Kaupmannahafnarháskóla, reið á vaðið og flutti erindi um strauma og stefnur á norrænum vinnumörkuðum um þessar mundir. Því næst flutti Kari Sollien, formaður bandalags háskólamanna í Noregi (Akademikerne Norge), erindi um kjarasamningagerð þar í landi frá sjónarhóli háskólamanna og loks fjallaði Lars Qvistgaard, formaður bandalags háskólamanna í Danmörku (AC), um styrkleika og veikleika danska samningalífkansins.

Fulltrúar LÍS voru sammála um að þingið hafi verið virkilega áhugavert en ásamt því að fylgjast vel með því sem þar átti sér stað tóku þeir þátt í umræðum með því að varpa fram spurningu. Spurningin laut að því hvort þau sæju tækifæri ungs fólks í tillögunni að nýju kerfi sem fram kemur í frumvarpi, sem lagt var fyrir ríkisstjórn, um að jafna lífeyriskjör á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Sjá má málþingið [hér](#):

13.2.4 Stefnumótunarþing BHM

Stefnumótunarþing Bandalangs háskólamanna var haldið 9. mars milli kl 10 - 16 í Rúgbrauðsgerðarsalnum í Borgartúni 6. Á þinginu komu saman um 100 fulltrúar aðildarfélaganna BHM. LÍS fékk að senda tvo fulltrúa á þingið en þeir voru David Erik Mollberg og Sunna Mjöll Sverrisdóttir.

Frankvæmdastjórn LÍS kom einnig að skipulagningu þingsins og sá um að útvega ritara fyrir þau 10 borð sem þingfulltrúum var skipt niður á. Ritarnir voru: Erna Sigurðardóttir, Unnur Helgadóttir, Birgitta Saga Jónsdóttir, Ingigerður Ósk, Íris Björk Snorradóttir, María Björk Hauksdóttir, Jóna Þórey Pétursdóttir, Jóhanna Wium, Kristín Sólveig Kormáksdóttir og Magnús Þorsteinsson.

Þingið fór þannig fram að hverjum þingfulltrúa var úthlutað hópanúmeri í byrjun þingsins og fór öll stefnumótunarvinna fram í fyrirfram skilgreindum hópum. Umræðan fór fram í fjórum eins klukkustundar löngum lotum. Í fyrstu lotu var rætt um *menntun og þekkingarumhverfi, kjara- og lífeyrismál* í annarri lotu, *jafnrétti á vinnumarkaði* í þriðju lotu og loks *atvinnumál og vinnumarkað framtíðarinnar* í fjórðu og síðustu lotu.

Fulltrúar LÍS höfðu mikið um málin að segja og voru öll sjónarmið skrifuð niður til að nýta í nýja stefnu BHM. BHM lýsti yfir mikilli ánægju með þingritara og við þökkum vel unnin störf.



13.3 Samstarf við Landssamband æskulýðsfélaga

Á þessu starfsári hefur verið mikið og virkt samstarf við Landssamband æskulýðsfélaga. Mikill uppgangur er í starfi LÆF sem hefur það að markmiði að efla ungt fólk í lýðræðisstarfi í samfélaginu. LÍS vann að nokkrum verkefnum á árinu í samstarfi við samtökin en fjallað verður nánar um samstarfið að neðan.

13.3.1 Aðildarumsókn að LÆF

Það hefur komið upp á hverju starfsári LÍS síðastliðin þrjú ár hvort samtökin eigi að sækja um aðild að LÆF, Landssambandi æskulýðsfélaga. En fyrir framkvæmdastjórnarfund þann 16. janúar 2017 barst stjórninni bréf frá LÆF þess efnis. Á fundinum kom Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri LÆF, og kynnti sambandið og svaraði spurningum framkvæmdarstjórnarmeðlima LÍS. Eftir kynninguna voru umræður um téða aðildarumsókn en taldi framkvæmdastjórn að það væri ekki tímabært að sækja um aðild. Þá var helsti rökstuðningur fyrir því að háskólanemar eru ekki allir ungt fólk og verður LÍS að sinna hagsmunum allra háskólanema óháð aldri og því ekki talið samræmast að binda sig við starf LÆF sem tengist aðeins hluta hópsins sem samtökin eru í forsvari fyrir. Þá var einnig litið til þess að hvergi í lögum LÍS er kveðið á um það hver heimild framkvæmdastjórnar er til þess að binda samtökin við önnur samtök og var niðurstaða fundarins að skilgreina þurfi betur í lögum hvernig slíkt umsóknarferli eigi að fara fram. Þó LÍS sé ekki aðili að LÆF heftir það alls ekki samstarf og samtal milli félaganna eins og síðastliðið starfsár sýnir. LÍS tók þátt í þremur verkefnum sem LÆF stóð fyrir.

Í viðhengi: bréf frá LÆF.

13.3.2 Málþing: Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskóli LÆF var formlega stofnaður á kynningarfundum þann 26. janúar 2016. Hann er afrakstur samvinnu allra aðildarfélaga LÆF sem vildu bregðast við eftirspurn eftir hagnýtu námi og heildstæðri þjálfun ungs fólks sem eru þátttakendur í félagastarfi eða hafa áhuga á því að taka virkan þátt í samfélaginu.

Þann 9. október 2016 hélt LÆF málþing um afrakstur skólans. LÆF bauð David Erik að vera við athöfnina sem heiðursgestur, David flutti erindi á málþinginu um mikilvægi í þátttöku í félagsstörfum.

Að mati Davids er leiðtogaskólinn með eindæmum flott framtak sem skilar sér í mikilli þekkingarsköpun hjá þátttakendum en einnig verðmætaaukningu fyrir samfélagið.

13.3.3 Ég kýs

Ég kýs var átak í kringum alþingiskosningarnar haustið 2016. Átakið hafði það að markmiði að auka vitund og kosningaþátttöku ungs fólks. Einn þáttur átaksins voru skuggakosningar í framhaldsskólum landsins. LÍS skipaði Þórð Jóhannsson sem fulltrúa í úrskurðanefnd kosninganna.

13.3.4 Málþing: Embracing youth migration

LÆF stóð að málþingi í samvinnu við LÍS um valdeflingu ungra innflytjenda þann 4. janúar 2017. LÍS kom að skipulagningu þingsins með því að útvega fundarsal sem var í Árnagarði og auglýsa viðburðinn.

14 Önnur verkefni

14.1 Stuðningur við aðildarfélög

Í gegnum þann samráðs- og samskiptavettvang sem LÍS skapar fá aðildarfélögin tækifæri til þess að læra af og hjálpa hverju öðru.

Á þessu starfsári leitaði fulltrúi Nemendaráðs Listaháskóla Íslands (NLHÍ) eftir aðstoð á framkvæmdastjórnarfundi en NLHÍ var ekki starfandi eins og skyldi og þurfti á aðstoð að halda vegna þess. Formaður og varaformaður LÍS fóru á fund með fulltrúum úr NLHÍ, kynntu þeim fyrir LÍS og hjálpuðu við gerð nokkurs konar aðgerðaráætlunar í þeim efnum að verða starfhæft á ný. Sú vinna er hafin og má gera ráð fyrir starfhæfu ráði á næsta starfsári.

Þetta er skýrt dæmi um mikilvægi þess að hafa þennan sterka vettvang virkan, þar sem fulltrúar allra hagsmunafélaga stúdenta, sem öll hafa mismunandi styrkleika, miðla þekkingu og reynslu sín á milli.

14.2 Umsókn um styrk hjá Evrópu unga fólksins (EUF) vegna Landsþings 2017

Á landsþingi LÍS 2016 var ákveðið að á komandi starfsári skildi vera sótt um styrk fyrir þinginu hjá Evrópa Ungu fólksins. Ákveðið var að sækja um í sjóðinn „Fundir ungs fólks og ráðamanna“, þar sem hann hentar einkar til að fjármagna öflugna stefnumótunarvinnu. Umsóknarfrestur var til og með 4. október og skilaði formaður samtakanna inn umsókn sem unnin var í samvinnu við varaformann FSHA, Loga Úlfarsson. Þegar umsóknininni var skilað var þema þingsins „Samfélagið: Sjálfbærni og styrkur“.

Umsókninni var því miður hafnað á þeim grundvelli að EUF styrkti ekki hefðbundin þingstörf. Í ljósi þess þá eru komandi framkvæmdastjórnir LÍS hvattar til að láta reyna á umsókn um styrk úr sjóðnum að nýju með mikla áherslu á öflugna stefnumótun.

Í viðhengi: umsóknin til EUF.

14.3 Greinaskriftaátak: #háskólaríhættu #FundOurFuture

ESU setti af stað alþjóðlega herferð undir yfirskriftinni „Fund Our Future“ og var markmiðið að vekja athygli á undirfjármögnun menntakerfisins, sem virðist vera alþjóðlegt vandamál. Landssamtök stúdenta víða í heiminum tóku virkan þátt, skipulögðu herferðir, friðsæl mótmæli eða gjörninga til þess að vekja athygli á vandamálinu í sínum löndum. Myndböndum, myndum og yfirlýsingum var síðan varpað í gegnum samfélagsmiðla undir myllumerkinu #FundOurFuture og landssamtök gátu beðið önnur samtök um stuðning. LÍS tók virkan þátt í þessu alþjóðaátaki enda menntakerfið hér á landi alvarlega undirfjármagnað. Menntun er grunnurinn að farsælu samfélagi og því verður undirfjármögnun háskólanna að linna tafarlaust.

Ef Ísland ætlar sér að vera samkeppnishæft í alþjóðasamfélaginu er algjörlega nauðsynlegt að setja menntun í forgang. LÍS ákvað því að efna til greinskriftaátaks þar sem hver háskóli skrifaði um undirfjármögnun menntakerfisins frá sýnum bæjardyrum. Notað var myllumerkið #Háskólaríhættu til þess að tengja við yfirlýsingu rektora um ástand háskólanna. Greinarnar voru í heildina sjö og birtustu í eftirfarandi röð, fyrstu tvær hjá Kjarnanum en síðari fimm á vefsvæði Vísis.

1. grein - Framkvæmdastjórn LÍS - Háskólar í hættu
2. grein - FSHA - Sultarólin
3. grein - NLHÍ - Feitur þeytingur
4. grein - SFHR - Fjárfestum í menntun
5. grein - SHÍ - „Sex á móti ellefu“
6. grein - NLBHÍ - Undirfjármagnaður skóli frá stofnun
7. grein - NFHB - „Gefið þeim bara köku“

Í viðhengi: greinarnar.

14.4 Starfshópur vegna stefnumótunar landsþings 2016

Nýsköpun og rannsóknir

Þema síðasta landsþings, árið 2016, var nýsköpun og rannsóknir og var skipaður starfshópur vegna stefnumótunar í nýsköpunar- og rannsóknarmálum. Markmið hópsins er greina núverandi ástand í þeim málum á Íslandi í dag, meta hvaða tilgangi ný stefna LÍS um rannsóknir og nýsköpun á að þjóna og setja síðan saman nefnd sem kemur að vinnu nýrri stefnu ef starfshópurinn telur raunhæft að fara í áframhaldandi stefnumótun um rannsóknir og nýsköpun.

15 LOKAORÐ


Eftir yfirferð þessarar skýrslu sérð þú lesandi góður að fráfarandi framkvæmdarstjórn LÍS hefur ekki setið auðum höndum. Þvert á móti. Vegna þeirrar góðu vinnu árin á undan sem miðað hefur að því að byggja sterka undirstöðu og tryggja innviði samtakanna gat LÍS núna tekið næsta skref og farið að vera meira forvirk í starfi sínu. Þetta var ár alþjóða-, gæða-, og jafnréttismála. LÍS var samþykkt sem fullgildur aðili að ESU og tók þar með formlega við af SHÍ og stendur nú vörð um hagsmuni allra íslenskra háskólanema á evrópskum vettvangi. Sambönd við landssamtök stúdenta annara landa voru styrkt til muna og í apríl verður Reykjavík vettvangur 71. NOM fundarins. LÍS lagði einnig mikla áherslu á gæðamál og hefur starf gæðanefndarinnar vakið mikla athygli og skilað sér í víðtæku hrósi frá Rannís, Menntamálaráðuneytinu, Gæðaráði íslenskra háskóla, Gæðastjórum háskólanna og Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs. Einnig verður Landsþing LÍS 2017 haldið með yfirskriftinni „Hvers virði er mín menntun? - Efling stúdenta í gæðamálum“. Jafnréttismál hafa verið LÍS hugleikin og jafnréttisnefnd LÍS tók stórt skref þegar hún skipaði starfshóp til þess að víkka út fyrirmyndarverkefnið Réttinda-Ronju og efla þennan mikilvæga gagnagrunn sem auðveldar aðgengi stúdenta að upplýsingum um réttindi sín og þau úrræða sem standa þeim til boða. Það væri hægt að telja upp ótal önnur verkefni en þið eruð nú líklega búin að renna yfir þau, ef þið hafið komist svona langt!

Á þessu ári hefur LÍS sýnt fram á mikilvægi þess að vera með virk öflug samtök sem standa vörð um hagsmuni allra íslenskra háskólastúdenta. Hingað til hefur starfið verið drifið áfram af krafti og hugsjónum einstaklinga sem gera sér grein fyrir mikilvægi þess að stúdentar eigi öflugan málsvara sem geti sameinað rödd allra stúdenta og unnið að bættum kjörum og betra aðgengi. Stúdentar á Íslandi eru rúmlega 20 þúsund talsins og saman getum við verið öflugt þrýstiafl, tekið virkan þátt í samfélagsumræðunni og haft marktæk áhrif á stefnu menntamála. Gríðarlega margt hefur áunnist á skömmum tíma og framtíðin er svo sannarlega björt. Það er þó mikilvægt að komandi framkvæmdarstjórn grípi boltann á lofti og haldi áfram að byggja ofan á þann góða árangur sem hefur náðst. Verum árvök, verum virk. LÍS eruð þið, stúdentarnir og sem sameinuð heild eru ótrúlegustu hlutir mögulegir.

Fráfarandi framkvæmdarstjórn þakkar kærlega fyrir sig og óskar komandi framkvæmdarstjórn farsæld í starfi sínu.

Bestu kveðjur, Framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta 2016 til 2017.





Netfang: lis@haskolanemar.is

Sími: 845-8340

Heimasíða:

<http://www.haskolanemar.is/>